

aðra leið opna til upprekstrar búfjár að efra túnhliði og að gömlu bæjarbyggingunum eftir framannefndum tröðum, er liggja frá þeim stað, er gerðarþoli hefur lokað og að framan hefur verið nefndur.

Í máli þessu hefur það fram komið, að gerðarbeiðandi telur umdeildan vegarspotta teljast til traða þeirra, er framannefnd landskiptagerð tilgreinir, en því verið mótmælt af gerðarþola og því fram haldið, að tilgreindar traðir nái aðeins að þeim stað, þar sem umdeildum vegarspotta hefur verið lokað.

Rétturinn telur samkvæmt því, sem er að framan rakið, að eigi sé nægilega ljóst, að hinn umdeildi vegarspotti teljist til traða þeirra, sem landskiptagerðin kveður nánar á um, hvernig notast skuli af aðiljum máls. Réttur gerðarbeiðanda til umferðar um vegarspottann er þannig ekki svo ótvíræður, að byggjast megi á innsetningargerð.

Verður því að hafna kröfu gerðarbeiðanda og synja um framgang umbeðinnar fógétagerðar.

Málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Umbeðin fógétagerð skal eigi ná fram að ganga.

Mánudaginn 20. apríl 1964.

Nr. 97/1963. **Skiptaráðandinn í Reykjavík f. h. dánarbús Gunnlaugs B. Melsteðs**

(Haukur Jónsson hrl.)

gegn

Guðmundi Óskari Þorleifssyni

(Jón N. Sigurðsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Magnús P. Torfason og Theódór B. Lindal.

Frávisun.

Dómur Hæstaréttar:

Afrýjandi hefur með stefnu 31. júlí 1963, að fengnu áfrýjunarleyfi 5. s. m., skotið máli þessu til Hæstaréttar, að

Því er varðar dánarbú Gunnlaugs B. Melsteðs. Krefst hann þess, að málinu verði vísað frá héraðsdómi, að því er greint dánarbú snertir, og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað hér fyrir dómi.

Stefndi krefst þess, að frávisunarkröfunni verði hrundið og að áfrýjanda verði gert að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Þegar mál þetta var höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 1. nóvember 1962, var dánarbú Gunnlaugs B. Melsteðs undir opinberum skiptum hjá skiptaráðanda Reykjavíkur. Er því lýst hér fyrir dómi, að búið sé skuldaviðgöngubú og að skipti fari fram eftir ákvæðum 4. og 5. kapitula skiptalaga nr. 3/1878. Einnig er frá því skýrt, að skiptaráðandi hafi gefið út innköllun til skuldheimtumanna hinn 21. apríl 1962, að innköllunin hafi verið birt með lögboðnum hætti, að innköllunarfræstur hafi verið liðinn hinn 8. september 1962 og að kröfu stefnda hafi verið lýst í búið hinn 16. október 1962. Eftir það höfðaði stefndi mál þetta fyrir bæjarþinginu á hendur skiptaráðanda fyrir hönd dánarbúsins, svo sem að framan greinir.

Hvorki er í 4. né 5. kapitula laga nr. 3/1878 né annars staðar í þeim lögum né öðrum réttarákvæðum heimild til að stefna skiptaráðanda fyrir hönd dánarbús fyrir almenna dómstóla, þegar svo stendur á um búskipti og kröfur á hendur búi, sem að framan greinir. Ber því að vísa málinu sjálfkrafa frá bæjarþingi Reykjavíkur, að því leyti sem því er áfrýjað.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. nóvember 1962.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. nóvember s.l., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 1/11 1962, af Guðmundi Óskari

Þorleifssyni, Rauðarárstíg 3, Reykjavík, gegn dánarbúi Gunnlaugs B. Melsteðs, Rauðarárstíg 3, Reykjavík, og Jóni Magnússyni stórkaupmanni, Austurstræti 12, Reykjavík, til greiðslu víxils, að fjárhæð kr. 40.000.00, útgefins 28/12 1960 af stefnda Jóni og samþykkt af Gunnlaugi B. Melsteð til greiðslu í Útvegsbankanum hér í bæ 30. nóvember 1961, en á víxli þessum, sem fallið var frá afsögn á 28/11 1961, er stefndi Jón Magnússon ábekingur.

Hefur stefnandi krafizt þess, að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða fjárhæð víxilsins, kr. 40.000.00, með 9% ársvöxtum frá gjalddaga hans 30. nóvember 1961 til greiðsludags, $\frac{1}{3}$ % fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 576.00 í stimpilkostnað og málskostnað að skaðlausu.

Stefndu hafa látið sækja þing, en ekki hreyft andmælum við stefnukröfunum. Verða þær því teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 5.300.00.

Valgarður Kristjánsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndu, dánarbú Gunnlaugs B. Melsteðs og Jón Magnússon, greiði báðir fyrir annan og annar fyrir báða stefnanda, Guðmundi Óskari Þorleifssyni, kr. 40.000.00 með 9% ársvöxtum frá 30. nóvember 1961 til greiðsludags, $\frac{1}{3}$ % fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 576.00 í stimpilkostnað og kr. 5.300.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.